

Sp.

170. Fyrirspurn

[156. mál]

til fjármálaráðherra um launamál kvenna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er fjármálaráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir því við gerð næstu kjarasamninga við opinbera starfsmenn að leiðréttur verði sérstaklega sá launamunur sem ríkir milli kynja fyrir sömu eða sambærileg störf?
2. Ef svo er má þá vænta þess að fjármálaráðherra láti kanna sérstaklega eftirfarandi þætti og leggi þá til grundvallar við næstu aðal- og sérkjarasamninga:
 - a. röðun hefðbundinna kvennastarfa eða starfsheita, sem einkum eiga við konur, í launaflokka hjá ríkinu samanborið við röðun karlastarfa,
 - b. ómælda yfirvinnu, bílastyrki og hvers konar aðra kjarabætti opinberra starfsmanna sem áhrif hafa á launamismun kynjanna?